



UMSÖGN

Viðtakandi: Stjórnarráð Íslands, Eggert Benedikt Guðmundsson

Sendandi: Aðalskipulag og loftslagsmál, umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Umsögn um Grænbókaröng um sjálfbært Ísland

Reykjavíkurborg fagnar því að komin sé út Grænbók um sjálfbært Ísland. Óskað er eftir því að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Sjálfbær þróun er eins og réttilega segir í inngangi Grænbókarinnar lykilviðfangsefni samfélagsins alls. Til þess að aðstoða samfélagið við þá þróun er mikilvægt að benda á hvaða praktísku leiðir er hægt að fara í átt að sjálfbærri þróun, hvaða verkfæri eru í verkfærakistunni. Í stöðulýsingunni væri áhugavert að sjá yfirlit yfir þau mælanlegu praktísku verkfæri sem nú þegar eru í notkun og fela í sér skilgreinda mælikvarða í átt að sjálfbærri þróun. Tilgangurinn væri að miðla þekkingu og aðstoða við að innleiða sjálfbæra þróun.

Eins og fjallað er um í Grænbókinni endurspeglar Græna planið hjá Reykjavíkurborg alla þrjá þætti sjálfbærrar þróunar, umhverfis, samfélags og efnahags og hefur borgin innleitt alþjóðlega mælikvarða til eftirfylgni með framgangi þess. Nefna má að sömu mælikvarðar geta nýst til stöðutöku og markvissrar innleiðingar heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í stefnumörkun borga og var hvatinn að innleiðingu mælikvarðanna hjá Reykjavíkurborg m.a. vegna skorts á gögnum um stöðu sveitarfélaga á landsvísu. Borgin tekur einnig þátt í stóru Evrópusamstarfi ásamt 112 öðrum borgum um að verða kolefnishlutlausar og snjallar fyrir árið 2030.

Til viðbótar er vert að nefna nokkur verkefni sem eru praktísk og væri hægt að miðla áfram. Verkefnin tengjast ólíkum sviðum borgarinnar og eru ekki staðsett hjá einni einingu.

- Verkefnið Græn skref í rekstri Reykjavíkurborgar að erlendri fyrirmynd hefur verið við lýði síðan 2011 og var síðar tekið upp hjá ríkisstofnunum. Græn skref er ákveðið verkfæri til að innleiða umhverfisvinkil sjálfbærrar þróunar á starfsstöðvum borgarinnar.
- Kynjuð fjárhagsáætlanagerð hefur verið við lýði hjá Reykjavíkurborg um árabíl og er nú orðið lögbundið verkefni. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS) er tæki sem notað er til þess að stuðla að jafnrétti og betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa og er hægt að tengja við samfélagslega vinkil sjálfbærrar þróunar.
- Öllum starfsstöðvum Reykjavíkurborgar býðst að fara í gegnum Regnbogavottun, Regnbogavottunin byggir á sambærilegum vottunarferlum hjá t.d. Human Rights Campaign, Stonewall UK og RFSL í Svíþjóð þar sem skilyrði eru sett um að stefnur fyrirtækja nefni hinsegin fólk og að réttindi og jöfn staða hinsegin starfsfólks eru tryggð.
- Ófjárhagslegar upplýsingar hafa verið birtar í Grænu bókhaldi borgarinnar, þ.m.t. losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun og magn úrgangs frá rekstri borgarinnar síðan 2015. Aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol er fylgt og er það aðferðafræði sem er viðurkennd í tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf CSRD sem tekur gildi innan Evrópu 2024 og mun að líkindum koma í stað krafna um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem nú eru í gildi í íslenskum lögum um ársreikninga.



- Reykjavíkurborg hefur auk þess birt upplýsingar um loftslagsmál í vefgáttina hjá Carbon Disclosure Project (CDP) í samræmi við þátttöku borgarinnar í alþjóða sáttmála sveitarfélaga (Global covenant of Mayors). Birtar eru upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda í allri borginni, samfélagslega losun og upplýsingar um aðlögun að loftslagsbreytingum og áhrif á mismunandi hópa.

Gagnlegt væri að sjá yfirlit yfir helstu verkfæri og leiðir sem standa til boða í Grænbókinni hvort sem það er fyrir fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, félagasamtök eða einstaklinga. Sem dæmi má nefna að á vefsíðu Festu, félags um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja er yfirlit yfir þær leiðir í átt að sjálfbærni sem rekstraraðilar geta valið.

Vísað er til þess í Grænbók að áherslur ríkisstjórnarinnar er sjálfbærni í rekstri ríkisins til lengri tíma. Gagnlegt væri að sjá stöðutöku yfir hve margar stofnanir og fyrirtæki eru að framfylgja og veita upplýsingar um sjálfbæra þróun nú þegar, t.d. þátttakendur í Grænum skrefum, Grænt bókhald, ófjárhagslegar upplýsingar og framfylgd kynjaðrar fjárhagsáætlunar.

Á bls. 49-50 er talað um að mikilvægt sé að sveitarfélögin fái stuðning til þess að byggja upp þekkingu. Þarna mætti einnig nefna fjárhagslegan stuðning og aðgang að viðeigandi þjónustu frá ríkisstofnunum til þess að styðja við ýmis umhverfisverkefni, loftslagsaðgerðir, gagnaöflun og rannsóknir. Í því sambandi er einnig þarft að áréttu að það er gífurlega mikilvægt að stjórnvöld gefi skýr skilaboð um mikilvægi aðgerða sem tengjast sjálfbærni. Ef umhverfis- og samfélagsleg verkefni eru eingöngu keyrð áfram af hugsjón eða áhuga án fjárstuðnings, mannafla eða viðeigandi þjónustu frá stjórnvöldum þá eru þau ekki sjálfbær, þ.e. geta ekki staðið undir sér til lengdar.

Virðingarfyllt,

Hrönn Hrafnisdóttir, deildarstjóri loftslagsmála, umhverfis- og skipulagssvið
Hildur Sif Hreinsdóttir, verkefnastjóri Grænna skrefa í starfsemi Reykjavíkurborgar
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur á Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, deildarstjóri upplýsinga- og gagnadeildar, fjármála- og
áhættustýringarsvið